

GAMMA

Reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og um aðgreiningu starfssviða.

1. Gildissvið og tilgangur

1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli laga nr. 108/2007 um verðbréfaviðskipti, sbr. reglugerð nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálfyrirtækja, og laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

Reglur þessar eru byggðar á leiðbeinandi tilmælum FME nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða og reglugerð nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða

1.2. Reglurnar fjalla um hvernig GAMMA Capital Management hf. („GAMMA“ eða „félagið“) greinir hagsmunaárekstra, fylgist með þeim og kemur í veg fyrir að hagsmunaárekstrar komi upp í starfsemi félagsins.

Eins og mælt er fyrir um í tilmælum FME nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða og í reglugerð nr. 471/2017 um skipulagskröfur verðbréfasjóða skal GAMMA setja og viðhalda skilvirkri skriflegri stefnu varðandi hagsmunaárekstra. Stefnan skal vera í samræmi við stærð og skipulag fyrirtækisins og eðli og umfang rekstrarins. GAMMA rekur verðbréfa-, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði. Í rekstri félagsins getur sú staða komið upp að hagsmunir viðskiptavina GAMMA fara ekki saman við hagsmuni félagsins og/eða hagsmuni annarra viðskiptavina félagsins. Skulu starfsmenn GAMMA grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skapist og skal það gert með innri reglum og verkferlum sem hafa hagsmuni viðskiptavina GAMMA að leiðarljósi.

1.3. Tilgangur reglnanna er:

- að setja ramma utan um þær ráðstafanir sem fyrir hendi eru til þess að hafa stjórn á þeim hagsmunaárekstrum sem upp geta komið við þá starfsemi sem fram fer hjá GAMMA,
- b) að auðkenna þær aðstæður þar sem hagsmunaárekstrar geta skapast, í starfsemi á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns sem stunduð er af rekstrarfélaginu, sem hafa í för með sér verulega haettu á að hagsmunir verðbréfasjóðsins eða eins eða fleiri viðskiptavina skaðist,
- c) að skilgreina verklag og aðrar ráðstafanir sem ætlað er að stýra mögulegum hagsmunaárekstrum,
- d) að kveða á um upplýsingagjöf til viðskiptavina um hagsmunaárekstur ef þær ráðstafanir sem fyrir hendi eru duga ekki til að stjórna hagsmunaárekstrum sem upp koma,
- e) að kveða á um eftirlit og eftirfylgni með reglum um hagsmunaárekstra.

2. Almennt

2.1. Það telst hagsmunaárekstur þegar hagsmunir viðskiptamanns rekast á hagsmuni annars aðila.

2.2. Hagsmunaárekstrar geta helst komið upp á milli:

- a) Viðskiptamanns og annars viðskiptamanns.
- b) Mismunandi sjóða eða sjóðsdeilda GAMMA.
- c) GAMMA (eða félagi því tengt) og viðskiptamanns, sjóðs eða sjóðsdeildar GAMMA.
- d) Starfsfólks eða stjórnarmanna GAMMA og viðskiptamanns, sjóðs eða sjóðsdeildar GAMMA.
- e) Viðskiptavina og sjóða eða sjóðsdeilda GAMMA.

2.3. Viðskiptavinir mega ekki verða fyrir skaða eða neikvæðum áhrifum vegna hagsmunaárekstra. Við upphaf viðskipta skal viðskiptavinur upplýstur um hagsmunaárekstra þegar ekki er hægt að veita fullnægjandi vissu fyrir því að komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra vegna þeirrar þjónustu sem viðskiptavinur óskar eftir.

2.4. Rekstrarfélagið skal koma á og viðhalda fyrirkomulagi, sem miðar að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra af völdum athafna og/eða athafnaleysi fulltrúa rekstrarfélags, hagsmuna sem hann nýrt í eigin þágu eða í þágu félagsins á kostnað viðskiptavina GAMMA.

AKA
JL
MM

GAMMA

2.5. Rekstrarfélagið skal halda skrá yfir og stýra verkefnum sem geta haft í för með sér skaðlega hagsmunaárekstra. Ef talið er að skipulag eða stjórnunarfyrirkomulag rekstrarfélags til að stýra hagsmunaárekstrum sé ekki fullnægjandi til að tryggja að komið sé í veg fyrir hættu á tjóni á hagsmunum verðbréfasjóðs eða eigenda hlutdeildarskírteina hans skal slíkt tafarlaust tilkynnt stjórnanda rekstrarfélagsins, eða öðrum þar til bærum aðila, til að unnt sé að gera viðeigandi ráðstafanir sem tryggja að rekstrarfélagið starfi með hagsmuni verðbréfasjóðsins og eigenda hlutdeildarskírteina hans að leiðarljósí.

2.6. Rekstrarfélagið skuli gæta sérstaklega að almennum meginreglum sem fram koma í 21. gr. reglugerðar nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða þar sem áréttuð er sú skylda að þjóna skuli hagsmunum verðbréfasjóðs og eigendum hlutdeildarskírteina og að rekstrarfélagið farið að kröfum um áreiðanleikakönnun.

3. Greining á hagsmunaárekstrum

3.1. GAMMA hefur skilgreint mögulegar aðstæður og atvik þar sem hagsmunaárekstrar geta komið upp, sbr. grein 3.2. Listinn skal uppfærður reglulega. Jafnframt skal endurskoða reglulega aðferðir til að stýra hagsmunaárekstrum, m.a. m.t.t. möguleika á hagsmunaárekstrum. Til að lágmarka hættu á hagsmunaárekstrum endurtaki sig skal GAMMA halda skrá yfir hagsmunaárekstra sem upp koma.

3.2. Hagsmunir GAMMA, starfsmanna GAMMA og aðila sem tengjast GAMMA geta skarast með ýmsum hætti við hagsmuni viðskiptavina – ber GAMMA að greina eftirfarandi áhættur með reglubundnum hætti:

a) GAMMA, starfsmenn GAMMA eða aðilar sem tengjast félagini geta hlotið ávinning eða komist hjá tapi á kostnað viðskiptavinar. GAMMA eða aðilar sem tengjast því geta haft aðra hagsmuni af útkomu verðbréfaviðskipta en viðskiptavinurinn.

b) Starfsmaður GAMMA, stjórnarmaður, eða aðili tengdur honum getur haft fjárhagslega hagsmuni af þjónustu sem veitt er viðskiptavini eða þeim sem félagið á viðskipti við.

c) Félagið eða aðilar sem tengjast því geta haft hagsmuni af því að hygla einum viðskiptavini á kostnað annars. Er það mat félagsins að áhættan af slíkum hagsmunaárekstrum sé hverfandi í ljósi starfshemilda félagsins. Hér ber þó að gæta sérstaklega að viðskiptum með óskráða fjármálagerninga í þeim tilvikum sem sjóðir í rekstri félagsins eiga viðskipti með óskráða fjármálagerninga.

d) Félagið eða aðilar sem tengjast því geta rekið sömu starfsemi og viðskiptavinur.

e) Viðskipti þar sem starfsmönnum félagsins er mögulegt að láta móðurfélag GAMMA hagnast á kostnað sjóðs í stýringu GAMMA með kjörum, s.s. vegna keyptrar þjónustu eða kaupum á eignum inn í sjóði, endurgreiðslum eða öðrum sambærilegum hætti eða viðskipti þar sem starfsmönnum er mögulegt að láta bankann hagnast á kostnað sjóðs með því að beina viðskiptum til móðurfélags GAMMA þegar hagstæðara er að beina viðskiptum annað.

f) Viðskipti þar sem starfsmönnum GAMMA er mögulegt að láta eigin hagsmuni ganga framar hagsmunum sjóða með ákvörðunum um kaup/sölu á hlutabréfum í móðufélagi GAMMA. Slík staða getur komið upp með viðskipti á skráðum bréfum annarra félaga en móðurfélags GAMMA þar sem starfsmenn hafa heimild til að vera hluthafar. Hagsmunaárekstrar geta orðið í tengslum við seljanleika bréfa í móðurfélagi GAMMA t.d. ef starfsmaður selur bréf í sinni eigu frekar en bréfa í eigu sjóða GAMMA þegar eftirspurn er lítil.

g) GAMMA skal gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavina þess. Í því skyni að greina hagsmunaárekstra sem geta skapast við veitingu fjárfestinga- og/eða viðbótarþjónustu, skal GAMMA meta hvort fyrirtækið, starfsmaður þess eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur fyrirtækinu í gegnum yfírráð:

- hvort líklegt sé að GAMMA, starfsmaður GAMMA eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur GAMMA í gegnum yfírráð, njóti fjárhagslegs ágóða eða forðist fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptamanns, sjóða GAMMA eða sjóðsdeilda,
- hvort GAMMA, starfsmaður GAMMA eða aðili sem beint eða óbeint er tengdur GAMMA í gegnum yfírráð, hefur hagsmuna að gæta af þeirri þjónustu sem veitt er, eða hver niðurstaða tiltekinna viðskipta verður,

GAMMA

- hvort fyrir hendi sé fjárhagslegur hvati eða annars konar hvati hjá GAMMA, starfsmanni GAMMA eða aðila sem beint eða óbeint er tengdur GAMMA í gegnum yfírráð, til þess að setja hagsmuni tiltekins viðskiptamanns, sjóðs, hóps viðskiptamanna eða eigin hagsmuni framar hagsmunum annars viðskiptamanns, sjóðs eða sjóðsdeildar.
- hvort GAMMA, starfsmaður GAMMA eða aðili beint eða óbeint er tengdur GAMMA í gegnum yfírráð, tekur við eða muni taka við umbun í tengslum við þjónustu sem veitt er viðskiptamanni í formi peninga, vörðu eða þjónustu annarri en venjubundnum umboðslaunum eða þóknunum fyrir þessa þjónustu, frá öðrum aðila en viðskiptamanni.
- hvort hætta sé á hagsmunaárekstrum milli sjóða í rekstri GAMMA.

Við mat á hættu á að hagsmunaárekstrar skapist skv. ofangreindu skal taka mið af stærð og eðli starfsemi GAMMA sem og hversu raunveruleg áhættan er á því að hagsmunir viðskiptamanna skaðist.

4. Aðferðir til að takmarka hagsmunaárekstra

4.1. GAMMA skal gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum sínum og gera allar tiltækjar ráðstafanir til þess að draga úr hættu á að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni verðbréfasjóðs eða viðskiptavina GAMMA.

Með viðskiptavinum er hér átt við þá aðila sem rekstrarfélag verðbréfasjóða veitir þjónustu á grundvelli starfshimilda sinnu. Þá skal GAMMA ætið hafa hagsmuni viðskiptavina og eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi í starfsemi sinni.

4.2. GAMMA er ljóst að hagsmunaárekstrar kunna að koma upp í starfsemi félagsins. Til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptamanna GAMMA hefur félagið m.a. gripið til eftirfarandi ráðstafana:

- Komið í veg fyrir óeðlileg afskipti af þeirri þjónustu sem GAMMA veitir. Í því felst m.a. að koma í veg fyrir að nokkur aðili hafi óviðeigandi áhrif á það hvernig starfsmaður GAMMA framkvæmir verðbréfaviðskipti.
- Starfsemi GAMMA er aðskilin frá móðufélaginu, Kviku banka hf, en starfsemin fer fram í aðskildu og aðgangsstýrðu rými.
- GAMMA hefur sett sérstakar reglur um viðskipti GAMMA við móðurfélag sitt.
- Að hafa til staðar innri reglur og verkferla er taka á þeim tilvikum þar sem hagsmunaárekstrar kunna að skaða hagsmuni viðskiptamanns, þar á meðal reglur um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga, þ.m.t. viðskipti starfsmanna með hlutabréf í móðurfélagi GAMMA og atvinnuþáttöku þeirra.
- Um stjórn GAMMA gilda starfsreglur um framkvæmd starfa stjórnar og framkvæmdastjóra sem hafa þann tilgang að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og draga úr hættu á að þeir sem starfsreglurnar taka til tengist einstökum viðfangsefnum.
- Starfsmönnum GAMMA er óheimilt að taka við hvers kyns persónulegum þóknunum eða greiðslum frá þriðja aðila vegna þjónustu sem félagið veitir. Hefðbundnar tækifærисgjafir eru þó undanþegnar enda sé verðmæti þeirra hóflegt.
- Um stjórn félagsins gilda starfsreglur um framkvæmd starfa stjórnar og framkvæmdarstjóra sem hafa þann tilgang að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og draga úr hættu á að þeir sem starfsreglurnar taka til tengist einstökum viðfangsefnum.
- Draga skal úr hættu á hagsmunaárekstrum með skipulagi félagsins, t.a.m. með því að takmarka flæði upplýsinga á milli starfsmanna við dagleg störf, s.s. með aðgangstýringu tölvu- og upplýsingakerfa.
- GAMMA hefur sett sérstaka áætlun um nýtingu atkvæðisréttar sem fylgir fjármálagerningum í eignasöfnum í stýringu. Snýr sú áætlun að nýtingu atkvæðisréttarins, eftirliti með athöfnum viðkomandi fyrirtækis, tryggja að nýting atkvæðisréttar sé í samræmi við fjárfestingamarkmið og stefnu viðkomandi verðbréfasjóðs og að koma í veg fyrir eða stjórna hagsmunaárekstrum sem eru afleiðing nýtingar á atkvæðisrétti.

AKA
MVA
SS

GAMMA

- j) Aðrar ráðstafanir, sem nauðsynlegar kunna að vera, til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptamanna.

4.3. Sjóðastýring

Til að tryggja óhæði sjóðstjóra skal leitast við að skipa two sjóðstjóra fyrir verðbréfa- eða fjárfestingasjóði í þeim tilvikum sem sami sjóðstjóri sinnir jafnframt sjóðstjórn fyrir fagfjárfestasjóð, ef talin er hætta á hagsmunaárekstrum við framkvæmd viðskipta.

5. Stjórnun og tilkynning um hagsmunaárekstra

5.1. Komi upp hagsmunaárekstrar í starfsemi félagsins skal félagið grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir að slíkar aðstæður leiði af sér tjón fyrir viðskiptavini GAMMA. Jafnframt skal framkvæmdastjóri í samráði við regluvörð félagsins gera greiningu á þeim hagsmunaárekstrum sem upp kunna að koma og grípa til viðeigandi ráðstafana sem miða að því að takmarka áhættuna af því að samskonar aðstæður skapist aftur.

GAMMA skal leitast við að tryggja að starfsfólk félagsins geri sér grein fyrir hættunni á hagsmunaárekstrum m.a. með því að hvetja til sjálftæðra vinnubragða og að starfsfólk leitist almennt við að vernda hagsmuni viðskiptavina.

Ef ljóst er að þær ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum sem GAMMA grípur til, eru ekki fullnægjandi svo fyrirbyggja megi með nægjanlegrí vissu, hættu á tjóni á hagsmunum viðskiptavina eða sjóða í stýringu GAMMA, skal GAMMA, eftir því sem kostur er, greina frá með skýrum hætti um eðli og/eða orsakir hagsmunaárekstra áður en viðskipti fara fram. Framkvæmdastjóri GAMMA ásamt regluverði félagsins skulu án tafar gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að GAMMA starfi með hagsmuni viðskiptavina og sjóða í stýringu félagsins að leiðarljósi.

Ef starfsmaður GAMMA telur líkur á hagsmunaárekstri eða telur hagsmunaárekstur hafa komið upp, sem kann að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptamanns, skal hann senda tölvupóst án tafar til regluvarðar á regluvordur@GAMMA.is, þar sem hagsmunaárekstri er lýst.

5.2. Í þeim tilvikum er til hagsmunaáreksturs kemur, er hefur eða kann að hafa neikvæð áhrif hagsmuni viðskiptamanns, og GAMMA telur ráðstafanir sínar ekki vera fullnægjandi, skal félagið upplýsa viðskiptamann um eðli og ástæður hagsmunaárekstursins. Tilkynning til viðskiptamanns skal send á varanlegum miðli og skal innihalda nægilegar upplýsingar m.t.t. viðskiptamanns svo hann geti tekið afstöðu til viðskiptanna með hliðsjón af hagsmunaárekstrum. Í einstaka tilvikum áskilur GAMMA sér rétt til að upplýsa ekki um slíkt, t.d. til að tryggja lögþundinn trúnað um upplýsingar og gripið er til annarra ráðstafana vegna hugsanlegra hagsmunaárekstra.

5.3. GAMMA skráir og geymir á tölvutæku formi upplýsingar um hagsmunaárekstra sem upp koma og kunna að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptamanns eða sjóði í stýringu GAMMA, hvort sem þeir eru tilkynntir til viðskiptamanns eða ekki. Til þess að geta fullnægt þeirri skyldu sinni mun GAMMA skrá og geyma á tölvutæku formi upplýsingar um viðskiptamann eða sjóð í stýringu GAMMA, þjónustu sem óskað var eftir eða veitt var og viðbrögð félagsins. Skrána skal félagið uppfæra reglulega, þá sérstaklega með hliðsjón af því hvort breytingar hafa orðið á þeirri starfsemi sem um ræðir.

6. Eftirfylgni

6.1. Regluvarsla hefur almennt eftirlit með hagsmunaárekstrum og skráningu tilvika þar sem skapast hefur hætta á hagsmunaárekstrum í starfsemi GAMMA, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 995/2007.

Regluvarsla á að hafa yfirsýn yfir mögulega hagsmunaárekstra og aðstoða og/eða veita ráðgjöf við skilgreiningu þeirra. Þá á regluvarsla að hafa eftirlit með að brugðist sé við ef upp koma hagsmunaárekstrar sem ekki hafa verið skilgreindir fyrirfram. Regluvarsla á að hafa heimild til að gera athugasemd við starfshætti starfsmanns ef við á.

6.2. Regluvörður GAMMA skal halda skrá yfir þjónustu/starfsemi þar sem skapast hafa hagsmunaárekstrar sem hafa í för með sér raunverulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina

RE
VM
VII
H

GΛΜΜΑ

skaðist, eða muni skaðast. Í skránni skal gerð grein fyrir viðkomandi verkefnum, hver sinni þeim, hvenær þau eru unnin og hvaða ráðstafanir voru gerðar til að stýra hættu á hagsmunárekstrum.

6.3. Framkvæmdastjóri og sjóðsstjórar skulu tilkynna regluverði sérstaklega og án tafar um hagsmunárekstra, sem ekki hafa áður verið skrásettir, sem kunna að skaða hagsmuni viðskiptavina.

7. Breytingar


7.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn GAMMA hefur samþykkt þær. Regluvarsla á að hafa eftirlit með því að reglur þessar séu endurskoðar og uppfærðar reglulega. Þannig á stefnan ávallt að taka mið af starfsemi og þjónustu sem er í boði hjá GAMMA á hverjum tíma.

7.2. Regluvörður skal gera tillögu til framkvæmdastjóra um viðbrögð eða úrbætur vegna hagsmunárekstra sem skaðað geta hagsmuni viðskiptavina. Hafni framkvæmdastjóri tillögu regluvarðar skal málið lagt fyrir stjórn félagsins.


7.2. Breytingar á viðauka skulu gerðar skriflega og samþykktar af regluverði og framkvæmdarstjóra. Með samþykki þessara reglna falla úr gildi fyrri reglur um ráðstafanir gegn hagsmunárekstrum og aðgreiningu starfssviða.

Reglur þessar koma í stað reglna um sama efni dags. 27. maí 2015.


Samþykkt af stjórn GAMMA Capital Management hf. 3. júlí 2019




Andri Vilhjálmur Sigurðsson, stjórnarformaður



Hlíf Sturludóttir, meðstjórnandi



Anna Rut Ágústsdóttir, meðstjórnandi



Valdimar Árman, framkvæmdastjóri